

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um biðtíma og stöðugildi geðlækna.

Frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur.

1. Hversu langur biðtími er nú eftir viðtali við geðlækni hjá eftirfarandi stofnunum:
 - a. Landspítalanum,
 - b. Sjúkrahúsinu á Akureyri,
 - c. Heilbrigðisstofnun Austurlands,
 - d. Heilbrigðisstofnun Norðurlands,
 - e. Heilbrigðisstofnun Suðurlands,
 - f. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
 - g. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða,
 - h. Heilbrigðisstofnun Vesturlands,
 - i. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins?
2. Hversu mörg stöðugildi geðlækna eru nú við hverja þessara stofnana og hversu mörg telur ráðherra að þau þurfi að vera til að tryggja viðunandi þjónustu?
3. Hversu mörg stöðugildi geðlækna hafa verið auglýst síðastliðið ár en engar umsóknir borist, sundurliðað eftir stofnunum?

Skriflegt svar óskast.